

Umhverfisstofnun
Ab. <u>GBI</u> <u>ABB</u> <u>ABG</u>
01. apríl 2015
<u>08.14.01</u>
Tilv. <u>UST201502-513</u>



Sorpsamlag Þingeyinga ehf  
Pósthólf 151  
640 Húsavík

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 27. mars 2015  
Tilv.: UMH15010083/20-1

Vísað er til erindis Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 20. janúar sl. Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu fyrir urðunarstaðina í Laugardal og á Kópaskeri þar til ný starfsleyfi liggja fyrir. Í erindinu kemur fram að ástæða umsóknarinnar sé seinkun sem orðið hafi á afgreiðslu starfsleyfa fyrir urðunarstaðina. Ráðuneytið kys að afgreiða umrætt erindi aðskilið eftir urðunarstöðum og er í þessu bréfi urðunarstaðurinn í Laugardal við Húsavík til umfjöllunar.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Í 1. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um að móttökustöð fyrir úrgang skuli hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 6. mars sl. Þar staðfestir Umhverfisstofnun að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hafi borist. Stofnunin hafi unnið tillögu að starfsleyfi og sent umsækjanda til kynningar. Starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar sé málið því í eðlilegum farvegi. Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að urðunarstaðnum hafi áður verið veitt undanþága frá starfsleyfi hinn 4. mars 2014 með gildistíma til 31. desember sama ár. Undanþágan hafi m.a. verið bundin skilyrði um að rekstraraðili myndi vakta grunnvatn í nágrenni urðunarstaðarins. Í reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar hinn 6. maí 2014 hafi komið í ljós að ekki höfðu verið settir upp mælibrunnar til grunnvatnsvöktunar. Gerð hafi verið athugasemd við þetta í eftirlitsskýrslu. Í bréfi Umhverfisstofnunar til Sorpsamlags Þingeyinga ehf., dags. 16. október 2014, hafi verið gerð krafa um að vöktun á grunnvatni hæfist fyrir 1. desember 2014. Umhverfisstofnun hafi ekki upplýsingar um að þessar mælingar hafi ennþá farið fram en þann 12. janúar 2015 hafi stofnunin fengið staðfestingu á að borun mælibrunna væri lokið. Í þeiri umsókn um undanþágu sem hér sé til umfjöllunar er ekki umfjöllun um grunnvatnsmælingar við urðunarstaðinn og þar koma ekki fram skýringar á þeim drætti sem orðið hefur á að mælingarnar hefjist. Prátt fyrir að rekstraraðili hafi ekki uppfyllt skilyrði fyrri undanþágu frá

starfsleyfi varðandi grunnvatnsmælingar telji Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að leggjast gegn veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi þar til starfsleyfi verður gefið út, enda sé vinnsla nýs starfsleyfis í eðlilegum farvegi.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í ljósi þess að tillaga að starfsleyfi sé í kynningu veitir ráðuneytið hér með Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Laugardal við Húsavík.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. skal starfa samkvæmt tillögu að starfsleyfi sem Umhverfisstofnun sendi féluginu 4. mars 2015.
2. Eftirlitsmælingar í grunnvatni, sem kveðið er á um í grein 5.2 í tillögu að starfsleyfi, skulu fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi 1. maí 2015..
3. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga.
4. Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 15. október 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra